

# Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 12. maí 2015

Árni Sigurjónsson

Ágætu fulltrúar hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

Í þessari skýrslu er rætt um fjármál félagsins, verkefni liðins starfsárs, viðfangsefni stjórnar og það sem framundan er í starfseminni.

## I

Afkoma Landskerfis bókasafna hf. var mjög góð á liðnu rekstrarári eins og árið 2013. Á síðustu árum hefur fjárhagsstaðan breyst verulega til batnaðar. Eins og fram kemur í samþykktum félagsins er því ekki ætlað að greiða eigendum arð heldur er markmiðið að reka upplýsingakerfi fyrir söfn á Íslandi. Markmið okkar er að veita sem besta upplýsingatækniþjónustu með sem hagkvæmustum hætti fyrir eigendur og viðskiptavini.

En hvað er góð þjónusta í okkar rekstri? Þar hljótum við að líta til þess að fljótt sé brugðist við til lausnar hvers kyns vandamálum sem varða kerfin sem við rekum; að félagið fylgist með tækninýjungum og stuðli að innleiðingu þeirra í samstarfi við viðskiptavini; að þjónustulund sé almennt höfð að leiðarljósi. Fyrirtækið hlýtur að hyggja að ávinningi hinna ýmsu haghafa sem að því standa, svo sem eigenda, viðskiptavina, starfsmanna, verktaka, birgja og almennra skattgreiðenda.

En lítum á nokkrar lykiltölur úr rekstri síðastliðins árs.

Rekstrargjöld ársins 2014 voru 124,4 milljónir króna; hagnaður var 15,6 milljónir. Afkoma félagsins var því mjög góð á árinu.

Hjá félaginu voru unnin 5 ársverk eins og árið áður. Eignir félagsins voru alls 184 milljónir króna við árslok 2014 og handbært fé 151,5 milljónir króna. Eiginfjárlutfall félagsins eða hlutfall eigin fjár af heildareignum er 92,1%; og veltufjárlutfall eða hlutfall skammtímaskulda af veltufé er 13,3%; báðar þessar lykiltölur, sem eru áþekkar nú og árið 2013, sýna að fjárhagsleg staða félagsins er ákjósanleg og skuldsetning lítil.

Nokkrar ástæður stuðla að góðri afkomu hjá félaginu. Þar á meðal má nefna að þjónustusamningar við viðskiptavinum eru skilvíslega greiddir sem vert er að þakka; og þar sem þeir eru vísitölutryggðir taka þeir hækkunum sjálfkrafa. Í annan stað má nefna að aðhalds hefur verið gætt í kostnaði; og í þriðja lagi að félagið hefur ekki náð að koma öllum fyrirhuguðum verkefnum sínum í framkvæmd sem er ekki lofsvert í sjálfu sér en hefur leitt til minni kostnaðar en ella hefði verið.

Þar sem það er ekki kappsmál Landskerfis bókasafna að safna dígrum sjóði í bönkum hefur viðskiptavinum verið veittur hlutfallslegur afsláttur á þjónustugjöldum; við gerum ráð fyrir að innan fárra missera komi á ný til verulegra útgjalda þegar skipta þarf um bókasafnskerfi og þá er líklegt að allur afsláttur verði felldur niður. Afslátturinn sem veittur er á yfirstandandi ári nemur 1,7% frá umsömdu gjaldi.

Framkvæmdastjóri mun gera nánari grein fyrir ársreikningi félagsins liggur frammi á fundinum og hefur verið undirritaður af stjórn félagsins.

## II

Í lok mars 2015 voru 1.145.272 titlar skráðir í Gegni en fjöldi eintaka var þá tæplega sex milljónir. Að meðaltali fjölgar titlum í Gegni um 40 til 50 þúsund á ári en síðastliðið ár fjölgaði um rúmlega 39 þúsund titla. Breytileiki milli ára skýrist einkum af sveiflum í því hve mörgum titlum er hlaðið vélrænt í Gegni þar er um rafræn safngögn að ræða.

Í lok mars 2015 voru rúmlega 304 þúsund gögn í útláni. Heildarútlán ársins 2014 voru 3.266.704 og drógust saman um 3,8% á milli árunna 2013 og 2014. Samdráttur í útlánum hófst árið 2010 eftir vaxtarskeið. Ýmsar skýringar kunna að vera á fækkun útlána en nærtækast er að minna á að framboð rafræns afþreyingarefnis hefur aukist gríðarlega á síðustu árum.

Landskerfi bókasafna hefur tekið saman útlánatölur eftir titlum nú eins og fyrri ár. Er fróðlegt að skoða þær og kemur fram að Myndasögusyrpa frá Walt Disney hefur vinninginn í útlánum og að barnaefni trónir efst á listum yfir tímarit, bækur og annað efni. Útlánahæsta fullorðinsbókin er hins vegar sakamálasaga eftir Arnald Indriðason. Almennt gildir að útlán haldast í hendur við sölu bóka; sé bók eftirsótt í búðum er hún það líka á söfnum.

Heildarfjöldi færsla í Leitum (eða leitir.is) er tæpar 2,4 milljónir, tvöfalt fleiri en í Gegni, og stendur Sarpur fyrir tæpum helmingi þeirra. Frá Skemmum komu þegar síðast var vitað

tæplega 20 þúsund færslur, frá Hirslunni (Landspítala Háskólasjúkrahúsi) rúmlega 5 þúsund færslur og frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur um 20 þúsund færslur. Þá eru ótaldar færslur sem Leitir veita aðgang að gegnum Primo Central gáttina þar sem þunginn liggur í aragrúa tímaritsgreina – skipta þær hundruðum milljóna.

Í Sarpi eru um 1,4 milljón færslur skráðar nú, þar af birtast tæplega 1,2 milljónir á sarpur.is.

Þegar litið er yfir verkefni starfsmanna Landskerfis bókasafna á liðnu starfsári ber eftirfarandi hæst auk almennrar, daglegrar kerfisþjónustu:

1. Uppfærsla Gagnis í útgáfu 22 var stærsta kerfisverkefnið á árinu og lauk henni í maí 2014. Tókst hún í megindráttum vel. Þjónustupakkar í Gagni voru uppfærðir í mars 2015.
2. Leitir.is voru uppfærðar tvisvar á árinu 2014, í febrúar og desember. Í allt voru það 8 þjónustupakkar. Á meðal nýjunga sem voru hluti af uppfærslum má nefna: Hægt að breyta lykilorðinu á „Mínum síðum“, tímastika fyrir afmörkun eftir útgáfuári, gagnasafnið ProQuest var gert aðgengilegt í Primo Central á árinu og var það veruleg bragarbót fyrir notendur Landsaðgangs hvar.is sem finna nú efnið í gegnum leitir.is. Lagfæringar í uppfærslum voru fjölmargar, m.a. var röðun íslenskra mannanafna í efnisorðalista lagfærð (í flettileit) auk þess sem hraði í flettileit var aukinn.
3. Rafgagnahópur skilaði lokaskýrslu í júní 2014 og setti fram hugmyndir og vann að umfangsmiklum endurbótum á vefnum leitir.is í samstarfi við starfsmenn Landskerfisins.
4. Nýtt tölfræðilíkan var tekið í notkun og var fyrsta afurð þess nýir topplánalistar. Haldið verður áfram að þróa nýjar tölfræðiskýrslur á þessum grundvelli og er óskalisti um þær langur, svo sem kyngreind útlánatölfræði, útlán eftir flokkstölum og fleira.
5. Áfram var haldið að þróa leiðir til að taka ný gagnasöfn inn í leitir.is. Stærsti áfangi á þeirri vegferð náðist er gögn, sem birt eru á ytri vef menningarsögulega gagnasafnsins sarpur.is, voru gerð aðgengileg í Leitum. Verkefnið var umfangsmikið og var unnið í nánú samstarfi starfsmanna Landskerfisins og Rekstrarfélagsins. Ýmsar aðrir nýjungar litu dagsins ljós, flettileit var komið á og gert kleift að leita í nafnmyndaskrá Gagnis.
6. Áframhaldandi undirbúningur fyrir innleiðingu RDA skráningarreglnanna sem ráðgert er að taka í notkun í maí 2016. Þessi nýi skráningarstaðall er mun betur sniðinn að rafrænum gögnum nútímans en eldri staðlar.
7. Námskeiðshald: Í haust og vetur voru haldin óvenju mörg námskeið um kerfi félagsins, alls 7 sérhæfð námskeið og 11 almennari. Alls mættu 357 manns á þessi námskeið og voru flest haldin í Reykjavík en önnur á Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Þess má geta að námskeiðshald Rekstrarfélags Sarps að hausti hélst að nokkru í hendur við námskeiðshald Landskerfisins. Þannig hélt fagstjóri

Sarps námskeið á Akureyri og Egilsstöðum á sama tíma og starfsmenn Landskerfisins héldu sín námskeið. Hluti námskeiðanna var raunar haldinn saman fyrir viðskiptavini beggja fyrirtækja.

8. Tólf ný söfn bættust við kerfið á starfsárinu: Þjósárskóli (Skeiða- og Gnúpverjahreppur), Grunnskóli Snæfellsbæjar Hellissandi, Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar, Grunnskóli Siglufjarðar, Varmahlíðarskóli (Skagafirði), Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Borgarbókasafn Norðlingaholti, Árskóli (Sauðárkróki), Héraðsbókasafn Reykhólahrepps og Árskógarskóli. Fáein söfn drógu sig útúr Gagnissamstarfinu vegna þess að rekstur þeirra eða umfang var það lítið í sniðum að þau höfðu ekki tök á að nýta sér þjónustu okkar.
9. Nýr bæklingur um leitir.is kom út á árinu og er mikilvægur liður í að kynna kerfi félagsins.
10. Sem fyrr tók samstarf við Rekstrarfélag Sarps drjúgan tíma hjá starfsmönnum, einkanlega framkvæmdastjóra. Þróaðar voru viðbætur bæði við skráningarkerfi og vefásýnd Sarps. Ánægjulegt var þegar RS hlaut Íslensku safnaverðlaunin fyrir sarpur.is og afhenti forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson RS viðurkenninguna við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 6. júlí 2014. Áfram var haldið vinnu við að þróa gæðastjórnunarleiðir fyrir skráningu í Sarp og auka þjónustu við viðskiptavini, m.a. með bættu aðgengi að þjónustuborði og auknum fjölda námskeiða. Starfsmenn Landskerfisins voru í ráðgefandi hlutverki varðandi alla þessa þætti. Þess má geta að fyrirhuguð er stofnun skráningarráðs Sarps en tillaga þess efnis verður lögð fram á aðalfundi RS í vor.

### III

Á nýliðnu starfsári hélt stjórn Landskerfis bókasafna hf. tíu stjórnarfundir. Þau mál sem komið hafa á borð stjórnar félagsins verða ekki rakin hér í þaula en nokkur nefnd.

1. Umræðum um næsta bókasafnskerfi hefur verið haldið áfram; stjórnin hefur m.a. rætt við fulltrúa Ex Libris um þetta og fyrirtækið hefur ráðið starfsmann í hlutastarf sem mun skapa svigrúm í starfsemi félagsins til að fylgjast enn betur með þessum málum og taka fyrstu skref í undirbúningi kerfisskipta. Við horfum til þess að vinna með söfnum sem hafa tekið nýtt kerfi Ex Libris í notkun og hafa að nokkru leyti svipaðar forsendur og við. Staðreyndin er þó sú að Alma, hið nýja, skýlæga bókasafnskerfi Ex Libris, sem er víða arftaki Aleph kerfisins, er öðru fremur sniðið að háskólaumhverfi. Því er síður ætlað að þjóna í senn háskóla-, skóla og almenningsbókasöfnum eins og henta mundi okkur hér á Íslandi.
2. Fjármálaverkefni: stjórnin fylgist með rekstrinum og fjárvörslu félagsins eins og lög gera ráð fyrir og yfirfer áætlanir um verkefni og rekstur.
3. Áfram er fylgt eftir vinnu vegna útláns rafróka og átti stjórnin gagnlegan fund með fulltrúum Biblioteksentralen í Ósló um kerfi þeirra BS Weblån. Þetta kerfi er álitlegur kostur fyrir okkur en ennþá hafa ekki náðst samningar við bókaforlög. Kostnaður við að nýta þetta kerfi yrði væntanlega ekki mikill en sú hugmynd er til

umræðu að íslensk útlán yrðu eins konar safndeild innan þess. Með þeim hætti væri látið reyna á rekstrargrundvöll án teljandi áhættu. Stjórnin átti einnig fund með Agli Erni Jóhannssyni, formanni FÍBÚT (Félags íslenskra bókaútgefenda), um þessi efni og hefur hann í megindráttum tekið vel í samstarf um útlán rafbóka.

4. Stjórnin fylgist með framkvæmd samstarfs við Rekstrarfélag Sarps; má geta þess að ef samkomulag næst um það verður samningurinn framlengdur í haust. Þrjú helstu markmið, sem skilgreind voru í nágildandi samningi, hafa náðst eða eru nú í sjónmáli; þau voru þessi: (1) Að auka gæðaeftirlit með skráningu í Sarp; á aðalfundi í vor verður lögð fram tillaga um stofnun skráningarráðs Sarps og þar er skráningarráð Gegnis fyrirmyndin. (2) Að efla notendabjónusta fyrir viðskiptavinum RS; þetta hefur verið leyst með því að bjóða upp á námskeið um skráningu og notkun Sarps auk þess sem viðskiptavinir RS hafa fengið aðgang að þjónustuborði Landskerfisins. (3) Betra aðgengi almennings að Sarpi meðal annars með því að gera gögnin aðgengileg í gegnum safnagáttina leitir.is.
5. Stjórnin samþykkti að auka við leiguhúsnæði félagsins í Katrínartúni 2 og hefur aðstaða til starfseminnar batnað verulega við það. Gert er ráð fyrir að húsaleiga hækki um 1,5 milljónir á ári en þá verður að hafa í huga að Rekstrarfélag Sarps leggur nokkuð til húsnæðiskostnaðar með samningsbundnu gjaldi sínu.
6. Stjórnin átti samráðsfund með stjórn Aleflis og stjórn RS.

#### IV

Við sjáum nú fram á ýmis áhugaverð verkefni á næstu misserum. Helst þeirra eru sem hér segir: útlán rafbóka; lokun vefhluta Gegnis þar sem leitir.is verður aðalleitarvél Gegnis; vinna við RDA skráningarstaðalinn; og undirbúningur að kerfisskiptum þegar Aleph hefur gengið sér til húðar og nýtt kerfi er fundið.

Endurnýjun fyrirtækis- og þjónustuvefjar Landskerfis bókasafna er viðamikil verkefni sem vinna er hafin við. Því fylgir umtalsverður kostnaður enda vefnum ætlað að uppfylla margvíslegar þarfir, svo sem að taka við skráningu nemenda á námskeið, taka við hjálparbeiðnum, hýsa kennslufni, hluthafaskrá, starfsmannaskrá og sitthvað fleira.

Annað áhugavert verkefni felst í að fylgja eftir vinnu við útlán rafbóka. Eins og stendur lítur helst út fyrir að tæknileg lausn málsins fái með samstarfi við Biblioteksentralen, sem fyrr segir, en þar eru ekki öll kurl komin til grafar enn.

Af og til er nefnt í dagblöðum að ríkið ætti að selja hlut sinn í Landskerfi bókasafna; þar sé dæmi um rekstur sem betur sómi sér í höndum einkaaðila en hins opinbera enda eigi ríkið að geta haft af honum tekjur í stað kostnaðar.

Stjórn félagsins hefur ekki brugðist við þessum málflutningi á opinberum vettvangi enda hefur hann ekki fengið mikinn byr svo séð verði.

Hér má þó koma því á framfæri að það er almennt talið forsenda einkavæðingar að fyrir hendi sé virkur samkeppnismarkaður á viðkomandi sviði en slíkur markaður er ekki fyrir hendi héraðs á vettvangi bókasafnskerfa, engir aðilar hér sem standa í rekstri slíkra kerfa. Hafa þarf í huga að gagnsemi hins sameiginlega bókasafnskerfis Íslendinga markast ekki síst af því að það spannar svo að segja öll opinber bókasöfn landsins og fæst með því afar hagkvæm samnýting. Og við þurfum bara eina samskrá bókasafna þjóðarinnar á sama hátt og okkur dugir að hafa eina þjóðskrá.

Loks má minna á að bókasafnskerfi eru dyrnar að safnkostinum og eru því ekki óþarfa þrjál heldur lykilþáttur í rekstri bókasafna.

Það hlýtur því að vera niðurstaða okkar að þó að gott sé að gæta aðhalds í ríkisrekstri sé mjög varasamt að færa rekstur Landskerfis bókasafna í hendur einkaaðila og þyrfti margar hættur að varast ef stíga ætti slíkt skref.

Landskerfi bókasafna hefur heldur sótt í sig veðrið á síðustu misserum og má rifja upp að fyrir um tveimur árum tók félagið að sér umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps. Samningur um það efni var gerður til tveggja ára og rennur hann út í haust; báðir aðilar hafa áhuga á að halda samstarfinu áfram og er nú rætt um að gera samning til fjögurra ára. Með þessu samstarfi gera aðilar sér far um að nýta betur þekkingu á rekstri safnkerfa, bæta þjónustu og auka hagkvæmni í rekstri beggja aðila í þágu almennings.

Að síðustu færi ég framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum Landskerfis bókasafna og samstarfsaðilum þakkir stjórnarinnar fyrir þeirra góða framlag þakka ég jafnframt samverkamönnum mínum í stjórn fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.